

<i>Fundarboðandi:</i>	Starfsmaður f.h. formanns	<i>Fundarstaður:</i>	Fjarfundur
<i>Fundarstjóri:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Dagsetning:</i>	24.02.2021
<i>Fundarritari:</i>	Sigurjón Njarðarson	<i>Fundartími:</i>	13:00 – 15:00

Pátttakendur: Sigurborg Daðadóttir (yfirdýralæknir og formaður fagráðs), Sigríður Björnsdóttir (Sérfræðimat á dýratilraunum), Hallgerður Hauksdóttir (f.h. Dýraverndunarsambands Íslands), Sigurjón Njarðarson (Starfsmaður Fagráðs um velferð dýra), Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands) og Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnunar HÍ).

Dagskrá

1. Umsóknir um dýratilraunir
2. Staða í gripahúsum vegna biðtíma í slátrun (frestað frá síðasta fundi)
3. Velferð dýra við aflífun í heimaslátrun og almennt við aflífun dýra (frestað frá síðasta fundi)
4. Önnur mál

Umræða

1. Umsagnir um umsóknir til dýratilrauna.

- a) Lyfjaskimun á stofni sebrafiska með erfðabreytingu á RBM12 geni.
 - Fagráð veitir samhljóða jákvæða umsögn.
- b) Bakteríuhindrandi eiginleikar litaðs sáraroðs í músa sára módeli- Aðalrannsókn
 - Fagráð veitir samhljóða jákvæða umsögn
- c) Áhrif ómega-3 fjölómattaðra fitusýra og annarra náttúruafna á hjöðnun bólgu í músum
 - Fram kom að umsókn telst ófullnægjandi. Fulltrúi Matvælastofnunar mun óska eftir frekari gögnum. Fagráð frestar umfjöllun.

2. Staða í gripahúsum vegna biðtíma í slátrun (frestað frá síðasta fundi)

- Fagráð fór yfir stöðu málsins. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og þeim upplýsingum sem aflað hefur verið, er ekki að sjá að ástand sem ógni velferð dýra sé fyrirsjáanlegt. Fagráð treystir á að opinbert eftirlit með aðbúnaði dýra hjá eigendum sínum sé fullnægjandi.

3. Velferð dýra við aflífun í heimaslátrun og almennt við aflífun dýra (frestað frá síðasta fundi)

- Fagráð hvetur Matvælastofnun til að fræða og leiðbeina almenning um það, með hvaða hætti velferð dýra við heimaslátrun er tryggð. Slíkt er hægt að gera með greinarskrifum og öðrum þeim leiðum sem í boði eru.

4. Önnur mál

- Mismunandi notkun á mismunandi dýrum við tilraunir (mótun almennrar stefnu) – Eftir lauslega umræðu var ákveðið að taka þetta mál til umræðu síðar á fundi Fagráðs.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:00.